



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Reykjavík 4. nóvember 2012.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík.

Tilvísun yðar: Þskj. 161 – 161. mál 141. löggjafarþing.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði.


Landssamband lögreglumanna (LL) hefur talað fyrir því, mörg undanfarin ár, að fullur aðskilnaður verði á milli lögreglustjórnar annarsvegar og verkefna sýslumanna hinsvegar. Af því tilefni fagnar LL framlögðu frumvarpi og um leið og engar efnislegar athugasemdir eru gerðar við einstaka greinar frumvarpsins er lögð áhersla á það, af hálfu LL, að fullt samráð verði haft við hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög sem og stéttarfélög þess starfsfólks sem vinnur á sýsluskrifstofum víða um landið þar sem augljóst er að þegar frumvarpið verður orðið að lögum muni koma til umtalsverðar fækkunar starfa á vegum hins opinbera á landsbyggðinni. Mjög áriðandi er að slíkt samráð og samstarf verði haft sem allra fyrst í þessu ferli til að tryggja að sú vinna, sem augljóslega þarf að fara í vegna sameiningar sýslumannsembætta, niðurlagningar starfa o.fl., gangi sem eðlilegast fyrir sig. Slíkt samráð er enda eðlilegt og sérstaklega mælt fyrir um það, sem og útfærslu þess í leiðbeiningarriti fjármálaráðuneytisins „*Sameining ríkisstofnana og tengdar breytingar*” sem gefið var út í desember 2008.

LL gerir ekki efnislegar athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins.

Landssamband lögreglumanna áskilur sér allan rétt til að koma frekari athugasemdum og ábendingum að á síðari stigum málsins. Þá leggur LL áherslu á það að fá að koma fyrir Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis til að gera frekari grein fyrir sjónarmiðum Landssambandsins og svara þeim spurningum sem nefndarmenn kynnu að vilja bera upp.

Að síðustu vill LL, líkt og áður, gera sérstakar athugasemdir við það hversu skammur tími er jafnan gefinn til að koma að athugasemdum við lagafrumvörp sem lögð hafa verið fyrir Alþingi.

F.h. Landssambands lögreglumanna



Snorri Magnússon

Formaður LL